

Mál nr. 427/2013**M****og****vátryggingafélagið X v/ kaskótryggingar bifreiðar.****Ágreiningur um bótaskyldu er bifreið var ekið á járnstöng á jarðvegstípp.****Gögn.**

207. Málskot, móttækið 10.12.2013, ásamt fylgigögnum.

208. Bréf X, dags 17.12.2013.

Málsatvik.

Hinn 25.7.2013 var bifreiðinni A í eigu M ekið frá losunarstað á jarðvegstípp. Mun þá mikill hvellur hafa komið við það að járnöxull hulinn mold hafði stungist upp í gegnum vélina við það að framhjól A hafði farið yfir hann.

Skemmdir urðu á vél A við atvikið og hefur M krafist bóta úr kaskótryggingu A hjá X. X hefur hafnað bótum.

Álit.

Af gögnum málsins virðist ekki um það deilt að járnöxullinn hafði stungist upp í vél bifreiðarinnar þegar A var ekið yfir hann. Varð tjónið því af völdum áaksturs sem er ein þeirra tjónsorsaka sem vátryggingin tekur til, sbr. gr. 1.1 í þeim vátryggingarskilmálum sem um kaskótrygginguna gilda. Tjónið telst því bótaskyldt úr vátryggingunni nema að það sé sérstaklega undanskilið samkvæmt vátryggingarskilmálunum.

2. gr. skilmálanna ber yfirskriftina „Takmarkanir á vátryggingarverndinni og skemmdir sem varða einstaka hluta ökutækisins.“ Samkvæmt gr. 2.4 er mælt fyrir um það að félagið bæti ekki skemmdir sem varða einstaka hluta ökutækisins, þ.e. „[s]kemmdir af akstri á ósléttri akbraut, hér með talin bilun á ásum, fjöðrum, gírkassa, drifi, rafgeymi og öðrum hlutum í eða á undirvagni ökutækisins, skemmdir vegna þess að hreyfillinn bráðnar saman, skemmdir á undirvagni er hljótast af því að ökutækið tekur niðri á ójöfnum akbrautum, svo sem hryggjum eftir veghefla, hraðahindrunum, ristarlíðum, holum í malbiki eða jarðföstu grjóti á akbraut eða við akbrautarbrúnir. Sama gildir um skemmdir er verða þegar laust grjót hrekkur upp undir ökutæki í akstri.“ Eins mál þetta liggur fyrir verður ekki séð að það atvik að öxullinn stakkest upp í vél A verði rakið til þess að A var ekið á ósléttri akbraut, hreyfillinn bráðnaði saman eða að skemmdir hafi orðið á undirvagni sem hlotist við það að A hafi tekið niðri á ójöfnum akbrautum eða jarðföstu grjóti á akbraut eða við akbrautarbrúnir. Þá verður tjónið heldur ekki rakið til þess að laust grjót hafi hrokkið upp undir A í akstri. Önnur undanþáguákvæði skilmálanna geta ekki komið hér til álita. Verður samkvæmt þessu ekki séð að tjónið verði rakið til atvika sem leysa X undan ábyrgð. Tjónið telst því vera bótaskyldt úr kaskótryggingunni.

Niðurstaða.

Tjón á A bætist úr kaskótryggingu bifreiðarinnar hjá X.

Reykjavík, 22. janúar 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.